

Fundargerð 36. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 17. maí kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfshópur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um skattlagningu orkumannvirkja - 1804001SO

Formaður gerði grein fyrir stöðu málsins.

Fyrsti fundur starfshópsins fór nýlega fram og taldi formaður ljóst að honum loknum að sjónarmið orkusveitarfélaganna gætu mætt nokkuð harðri andstöðu sumra fulltrúa í starfshópnum. Næsti fundur starfshópsins er fyrirhugaður í júní.

2. Stefnumörkun stjórnar 2018-2020 - 1511003SO

Fyrir fundinum lá fyrir uppfært stefnuskjal til umræðu og afgreiðslu.

Engar athugasemdir komu fram og voru drögin samþykkt samhljóða.

3. Vorferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Undirbúningur vegna vorferðar stjórnar í ár ræddur.

Ákveðið að leggja drög að heimsókn sveitarfélaganna til systursamtaka þeirra í Noregi næsta haust. Formanni og starfsmanni falið að hafa samband við samtökin og leggja fyrstu drög að ferða- og kostnaðaráætlun.

4. Orkufundur 2019 - 1901003SO

Undirbúningur vegna orkufundar 2019 ræddur.

Rætt var um að orkufundur færi fram í framhaldi af vorferðinni og að efni hans verði í tengslum við það sem fram komi í Noregsferðinni, sbr. fyrri dagskrárlið. Einnig kom fram vilji innan stjórnar til að ræða á orkufundi málefni sem tengjast litlum virkjunum, bæði í vindi og vatnsafli, sem reistar eru fyrst og fremst til að þjóna atvinnurekstri á viðkomandi stað en með möguleika á að selja inn á raforkukerfið. Var í því sambandi einnig rætt um mögulega aðkomu Landsamtaka raforkubænda að orkufundi. Formanni og starfsmanni falið að vinna að málinu.

5. Önnur mál - 1803002SO

Umræða í tengslum við neitunarvald vindorkusveitarfélaga í Noregi.

Formaður vakti athygli á umræðu sem átt hefur sér stað í Noregi um neitunarvald

vindorkusveitarfélagi varðandi staðarval fyrir vindmyllur.(Vindkraftkommuner vil ha vetorett, <https://kommunal-rapport.no/2019/04/vindkraftkommuner-vil-ikke-la-staten-bestemme>).

Fundi var slitið kl. 12:00

Stefán Bogi Sveinsson

Árni Eiríksson

Ása Valdís Árnadóttir

Dagbjört Jónsdóttir

Jóhann Friðrik Friðriksson

Ragnhildur Haraldsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir